



Reglur um heimgreiðslur til foreldra

Uppfærðar reglur frá 1. Janúar 2023

- Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári heimgreiðslur til foreldra og forráðamanna barna sem ekki eru í leikskóla eða hjá dagforeldri frá 12 mánaða aldri og þar til barn verður 30 mánaða. Greiðslur falla niður ef barn hefur nám í leikskóla eða fer til dagforeldris fyrir þann tíma. [Ekki er greitt fyrir júlí.](#)
- Skilyrði fyrir greiðslum eru eftirfarandi
 - Að foreldri / forráðamaður og barn eigi lögheimili í Hafnarfirði. [Sé lögheimili flutt frá Hafnarfirði í umsóknarmánuði fellur réttur til heimgreiðslu niður.](#)
 - Barn sé orðið **eða verði** 12 mánaða í þeim mánuði sem sótt er um og ekki eldra en 30 mánaða.
 - Hægt er að óska eftir heimgreiðslu vegna barna eldri en 30 mánaða á meðan beðið er eftir plássi í leikskóla í Hafnarfirði og ekki er verið að greiða fyrir pláss annarsstaðar. Skilyrði er að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi í Hafnarfirði.
- Mánaðarleg greiðsla miðast við almenna niðurgreiðslu hjá dagforeldrum fyrir 8 klst vistun.
- Sækja skal -um heimgreiðslur á vef Hafnarfjarðar í gegnum „Mínar síður“. [Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi 19. hvers mánaðar. Umsóknir sem berast 20. eða seinna gilda fyrir mánuðinn á eftir. Endurnýja þarf umsóknir í síðasta lagi 19. ágúst ár hvert og gilda umsóknir til 30. júní svo fremi sem barn á rétt á heimgreiðslum samkvæmt ofangreindum skilyrðum.](#)
- Greitt er [síðasta](#) virkan dag hvers mánaðar og greiðist eftir á fyrir [líðandi](#) mánuð.
- [Greitt er ellefu mánuði á ári, ekki er greitt heimgreiðslur fyrir júlí.](#)
- Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.
- Hægt er að fá heimgreiðslur svo fremi sem foreldrar / forráðamenn séu ekki að þiggja aðrar niðurgreiðslur vegna barnsins.

Samþykkt í bæjarstjórn

11. apríl 2024

Rósa Guðbjartsdóttir

Bæjarstjóri